

Opið hús 13. febrúar 2010

að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði (iðnaðarbil beint fyrir aftan Fjarðarkaup) kl. 10 til 12

Félagar og gestir eru hvattir til að koma með það sem þeir eru að vinna að eða nýlega búnir að skera.

Heitt á könnunni og meðlæti. Sjáumst öll hress og kát.

Félagi góður!

Opna húsið í mars (13. mars) verður með meginþemað “Teikningar”.

Skoðaðar verða teikningar og félagar geta keypt einstaka teikningar sem verða ljósritaðar og sendar.


Félagsmenn sem eiga teikningar og vilja leyfa öðrum að njóta og nota eru beðnir um að koma þeim til stjórnar félagsins.

Árgjald félagsins

Á síðasta aðalfundi félagsins var ákveðið að fara nýja leið í innheimtu félagsgjalda. Kostnaður við innheimtu með greiðsluseðlum er það hár að ákveðið var að gefa félagsmönnum kost á að greiða inn á reikning félagsins í banka eða í gegnum heimabanka. Félagar geta þá greitt og fengið kvittun (eða beðið sérstaklega um kvittun) við innborgun.

Kr. 2.000,- Kt. 520496-2549 Banki 315-26-549

Settu síðan kennitöluna þína í athugasemd greiðslunnar.



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð

Pósthólf nr. 6, 270 Mosfellsbæ

Netfang: silo@mmedia.is

Heimasíða: <http://www.listalind.is/treskurdursson>

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
2. töl. 15. árgangur 2010

Frá formanni

Nú er tími þorrans og áhersla á þjólegri verkan matvæla. Sól hækkar smátt og smátt á lofti og þó langt sé til vors er hugurinn farinn að hvarfla þangað. En það er engin ástæða til að láta neitt afvegaleiða okkur frá tréskurðinum og greinilegt að síðasta opna hús féll vel að óskum félagsmanna. Besta mæting hingað til er Bjarni Þór náði að fanga athygli þeirra sem mættu og ég veit að margir munu endurskoða brýningar sinna áhalda til að ná enn betri árangri við skurðverkið.



Á næsta opna húsi verður ekki nein fastmótuð dagskrá heldur gefinn tími til að hittast, skoða skurðverk félagsmanna, skiptast á skoðunum og lausnum og njóta samveru.

Formaður beinir huga sínum meira að opna húsinu í mars og eins vorsýningu. Opna húsið í mars verður með meginþemað “teikningar”. Í tölvupósti og Brýni hafa félagsmenn og leiðbeinendur verið hvattir til að leggja félaginu lið með teikningum. Hugmyndin er að félagið hafi á sínum vegum teikningar sem félagsmenn geta fengið afrit af. Á síðasta stjórnarfundinum var ákveðið að hafa þann hátt á að félagi sem óskar eftir teikningu greiði kr. 250,- fyrir hana. Það er hugsað þannig að 100 krónur séu fyrir ljósritun, 100 krónur fyrir þann sem teiknaði og 50 krónur renni til félagsins. Ef ljósritunarkostnaður reynist vera lægri – renna eftirstöðvar til félagsins og eins ef ekki er vitað um hver teiknaði. Félagi sem kaupir teikningar getur notað þær en þó ekki í atvinnuskyni.

Í þessu Brýni er bent á greiðslu félagsgjalda. Innheimta félagsgjalda hefur verið með greiðsluseðli frá banka en vegna kostnaðar var ákveðið, á síðasta aðalfundi, að leita leiða til að ná kostnaði niður. Eins og sést er hér biðlað til félagsmanna að þeir greiði félagsgjaldið í banka án þess að fá sendan greiðsluseðil. Það er ósk okkar að þetta form gangi að óskum því peningar eru afl þess sem gera skal.

Með bestu kveðjum, Sigurjón

Opið hús 16. janúar 2010

Bjarni Þór Kristjánsson var með sýnikennslu í brýningu verkfæra. Hans áhersla í vinnslu að nota smergel sem minnst. Helst að strjúka fláann frá egginni með fínkornuðum sandpappír. T.d. eigi ekki að brýna beina flötinn sem liggur að egginni – aðeins eigi að brýna fláann og reyna að vinna jafnt á honum öllum. Þetta var fróðleg leiðsögn og félagsmenn og gestir fengu örugglega nýja sýn á brýningar, hvað ber að gera og ekki hvað síst hvers ber að varast. Mæting var með besta móti 29 skráðu sig bæði félagar og gestir.



Ellen Marie Magerøy

Eins og fram kom í formannsspjallinu í síðasta Brýni þá lést Ellen Marie Magerøy 11. desember s.l. Hún var norskur listfræðingur sem vann lengi sem safnvörður við embætti Þjóðminjavarðar í Osló.

Fjöl frá Hrafnagili sennilega frá um 1200.



Doktorsritgerð hennar fjallaði um plöntuskreytingar í íslenskum tréskurði (*Planteornamentikker i islensk treskurd.*) og hefur verið talin stórvirki varðandi fræðilega umfjöllun um íslenskan tréskurð frá landnámi til loka nítjándu aldar.

Við rannsóknir sínar naut hún aðstoðar dr. Kristjáns Eldjárns sem veitti henni faglega ráðgjöf, m.a. lánaði hann henni handrit sem seinna varð bókina *Hagleiksverk Hjálmars í Bólu, sem kom út 1975*. Þá studdist hún einnig við bók hans *Hundrað ár í Þjóðminjasafni* sem kom út 1969.

Þegar hún kynnist íslenskum tréskurði hér á landi varð henni ljóst að hann var um margt ólíkur tréskurði hinna Norðurlandanna sérstaklega plöntuskreytingarnar.

Þegar hún skoðaði þau tréskurðarverk sem varðveist hafa kom í ljós að mjög fá verk eru til frá landnámi til miðalda. Flest tréskurðarverkin sem varðveist hafa eru frá sautjándu, átjándu og nítjándu öldinni.

Lár frá 1659.



Hún rakst líka á það að ekki hafði mikið verið skrifað um skreytingar í íslenskum tréskurði, svo hún vann í raun brautryðjendastarf á því sviði.

Ekki eru tölur á því hér að fjalla mjög ítarlega um þessa doktorsritgerð. Í stuttu máli þá virðast plöntuskreytingar í íslenskum tréskurði hafa tekið litlum breytingum í gegnum aldirnar þótt ýmsir straumar og stefnur sem höfðu áhrif á aðra listamenn hafi einnig sett mark sitt á tréskurðinn almennt. Hún bendir á að ekki aðeins hafi Guðbrandur biskup með útgáfu myndskreyttrar Biblíu haft

áhrif á íslenskan tréskurð heldur hafi hann kunnað allvel til verka þegar kom að tréskurðinum sjálfum.

Af þeim 76 munum sem hún taldi vera frá sautjándu öldinni voru 65 með plöntuskreytingum. Sama má segja um muni frá átjándu öldinni, mjög stór hluti þeirra er skreyttur með plöntum.

Hluti altaris frá 17. öld skorið af Guðmundi Guðmundssyni sem er sennilega fyrstur til að læra tréskurðarlistina erlendis þ.e.a.s. í Kaupmannahöfn.

Eins og Magerøy bendir á þá deyr tréskurður út sem alþýðulist í Evrópu á nítjándu öld. Hún telur að sama þróun eigi sér stað hér á landi. Hún ténir til 151 hlut frá þeirri öld sem eru skreyttir plöntum en telur þau ekki eins góð og fyrri verk og í raun séu þessar plöntuskreytingar endurgerð eldri skreytinga.

Að hennar mati hafi stofnun Þjóðminjasafnsins bjargað þessari alþýðulist frá glötun. Þessi alþýðulist hafi auk þess haft áhrif á verk þeirra lærðu meistara í tréskurði hér á landi sem fóru að hasla sér völl í lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu.

Að lokum bendir hún á að plöntuskreytingar hafi ekki þróast í gegnum tíðina heldur hafi gætt mikillar íhaldssemi hvað þær varðaði. Tréskurðarfolk hafi ekki sótt hugmyndir að skreytingum sínum í íslenskar plöntur heldur verk fyrri kynslóða og vínviðurinn verið ríkjandi.

Að lokum telur hún að íslensk þjóð hafi alið af sér margan alþýðulistamanninn í tréskurði þótt nöfn þeirra flestra séu löngu gleymd. Sá sem tekur þennan pistil saman er ekki sammála Magerøy um að íslensk tréskurðarlist hafi dáið út á nítjándu öld. Félag áhugamanna um tréskurð er í raun sönnun þess. (Björn Bergsson tók saman).